



Umsögn

Til: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Umsögn um tillögu og greinargerð stýrihóps um innleiðingu íbúaráða

Vísað er til tillögu og greinargerðar stýrihóps mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, um innleiðingu íbúaráða. Einnig er vísað til meðfylgjandi kostnaðarmats þar sem tilgreindir eru kostnaðarliðir við útfærslu á þeim tillögum og umbótum sem eru í skýrslu stýrihópsins. Samkvæmt stýrihópnum er að mestu leyti stuðst við núverandi fyrirkomulag íbúaráða frá árinu 2019 þó með breytingum sem ætlaðar eru til að sníða af helstu vankanta og þróa áfram lýðræðismenningu bæði innan stjórnkerfis borgarinnar og meðal íbúa í hverfunum.

Umsögn FAS

Tilraunaverkefni um nýtt fyrirkomulag íbúaráða hefur verið starfrækt síðan 2. maí 2019 þegar nýtt og endurskoðað fyrirkomulag um íbúaráð var samþykkt í borgarstjórn og íbúaráð tóku við af hverfisráðum. Stýrihópur um innleiðingu íbúaráða fylgdi eftir þeirri innleiðingu og hefur nú í kjölfar víðtæks samráðsferils gert tillögur að næstu skrefum til framtíðar.

Helstu breytingar frá fyrra fyrirkomulagi er að skoða hvort unnt verði að nýta fjarfundarfyrirkomulag vegna funda, að upplýsingagjöf um störf íbúðaráða og til íbúðaráða verði bætt og að fulltrúum í íbúaráði Miðborgar og Hlíða verði fjölgað um tvo.

Áætlaður kostnaður vegna breytingartillagna er um 5,8 m.kr. sem skiptist í um 4 m.kr. einskiptiskostnað vegna ýmissa kostnaðarþátta til að bæta upplýsingagjöf og 1,8 m.kr. kostnaðarauka vegna fjölgunar fulltrúa í íbúaráði Miðborgar og Hlíða. Ekki er talið að kostnaðarauki fylgi auknu fjarfundarfyrirkomulagi þar sem verkefnið verði fléttað inn í yfirstandandi innleiðingu og uppsetningu þjónustu- og nýsköpunarsviðs á nýjum fjarfundarbúnaði í opinberum rýmum.

Fjármála- og áhættustýringarsvið fagnar sérstaklega þeirri stefnu stýrihópsins að nýta núverandi innviði borgarinnar, hvort sem um er að ræða tækniuppbyggingu eða aðlögun á vinnuframlagi núverandi starfsmanna og að verkefnum sé breytt og þau aðlöguð án þess að það feli í sér kostnaðarauka.

Ekki er gerð athugasemd við kostnaðarmatið á tillögunum, en bent á að rýna útreikninga m.t.t. vsk. Kostnaðaráhrif þessa eru óveruleg.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs